

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2022, miðvikudaginn 9. nóvember kl. 09:08, hélt umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur 248. fund sinn. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúinn Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Inga Rún Sigurðardóttir og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. nóvember 2022.

2. Sólvallagata 68, breyting á deiliskipulagi (01.134.5) Mál nr. SN220289

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 16. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturvallareits vega lóðarinnar nr. 68 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir nýjum byggingarreit fyrir gróðurhús á lóð, samkvæmt uppdr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 15. maí 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. september 2022 til og með 3. október 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Aldís Snorradóttir og Njörður Sigurjónsson dags. 6. september 2022 og barst ábending frá Veitum ohf, dags. 23. september 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. nóvember 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögninni.

Samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022, með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Olga Guðrún B. Sigfúsdóttir, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9:10 tekur Friðjón R. Friðjónsson sæti á fundinum.

3. Gelgjutangi, breyting á deiliskipulagi (01.428) Mál nr. SN220636

Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 6. október 2022 um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 vegna Gelgjutanga. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmörkuð er lóð fyrir dælubrunn fráveitukerfis ásamt því að gerður er byggingarreit fyrr dælubrunn, samkvæmt uppdr. dags. 29. september 2022. Erindinu er vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar þar sem hún varðar ekki hagsmunum annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

- Kl. 9:18 tekur Geirdís Hanna Kristjánsdóttir sæti á fundinum með rafrænum hætti.

4. Baldursgata 30, málskot (01.182.2) Mál nr. SN220698

Lagt fram málskot Mögnu Fríðar Birnis dags. 31. október 2022 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 6. október 2022 um að breyta atvinnuhúsnæði á lóð nr. 30 við Baldursgötu í íbúð. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.

Frestað.

(B) Byggingarmál

5. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa, fundargerðir Mál nr. BN045423

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 1. nóvember 2022.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

6. SORPA bs., fundargerðir Mál nr. US130002

Lagðar fram fundargerðir stjórnar Sorpu bs. nr. 470, dags. 26. ágúst 2022, nr. 471, dags. 23. september 2022, nr. 472, dags. 29. september 2022 og nr. 473, dags. 21. október 2022.

Áhæyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill að SORPA njóti vafans þegar svo ber við en mörg mistök hafa verið gerð hjá fyrirtækinu sem kostað hafa borgarbúa ómælt fé. Nefna má sem dæmi 90 milljóna skaðabætur sem þarf að greiða vegna mistaka í útboði. Þess vegna finnst Flokki fólksins að fyrirtækið ætti ekki að missa sig í sjálfshóli eins og sjá má víða í fundargerðum. Fyrir því eru ekki næg tilefni. Það eru ekki allir borgarbúar að kaupa gildi SORPU sem eru frumkvæði, traust og samheldni. Traust borgarbúa þarf að ávinnast eftir hrakfarir fyrirtækisins á síðasta kjörtímabili. Við yfirferð fundargerðar gerir Flokkur fólksins athugasemdir við eftirfarandi: Skortur á upplýsingum og niðurstöðum um gallamál Gaju. Ekki virðist ljóst hvenær urðun verði hætt. Enn er verið að leita að nýjum urðunarstað, en samt á að hætta urðun. Sorpa virðist ekki enn ráða við flokkun á sorpi. Innleiðing flokkunar á myndunarstað gengur allt of hægt, ekki er næg áhersla á þeirri flokkun.

7. Nagladekk, auglýsingar, talning og umræða Mál nr. US220272

Reykjavíkurborg hvetur öikumenn til að velja góð vetrardekk fremur en nagladekk á götur borgarinnar. Staðan og árangur metinn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Svifryksmengun veldur um 80 ótímabærum dauðsföllum á Íslandi á hverju ári samkvæmt Umhverfisstofnun Evrópu. Vitað er að nagladekk eiga verulegan þátt í þessari mengun. Talið er að nagladekk valdi 20 til 30 sinnum meiri svifryksmengun en venjuleg dekk. Auk þess skapast verulegur kostnaður vegna slits á malbiki. Nagladekkjanotkun hefur því miður aukist verulega síðustu árin. Ljóst er að mikil nagladekkjanotkun í Reykjavík hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þess vegna er óheppilegt að lögreglan lýsi því yfir hvað eftir annað að ekki verði sektað

fyrir fyrir notkun nagladekkja áður en nagladekkjatímabilið hefst. Sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort lögreglan hafi heimild til að fara á svig við lögin.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Skýrar vísbendingar eru um að nagladekkjanotkun í Reykjavík sé að aukast og að hún verði meiri á komandi vetri en síðasta vetur. Þessa þróun má líklega rekja til óánægju með frammistöðu Reykjavíkurborgar við snjóruðning í húsa-götum síðasta vetur, ekki síst í efri byggðum. Þá þjónustu þarf að bæta. Þá má draga verulega úr svifryksmengun með því að bæta eiginleika útlagðs malbiks í borginni í því skyni að gera það slitsterkara. Síðast en ekki síst þarf að bæta fræðslu um skaðsemi nagladekkjanotkunar í því skyni að draga úr henni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Umræða um nagladekk er góð og gild. Ekki skal gleyma hvar við búum. Í upphafi vetrar er útilokað að segja hvernig „veturinn“ verður á Íslandi. Verður hann snjóléttur, hér á suðvesturhorninu eða verður hann snjóþungur. Enginn veit. Flokkur fólksins veit þó tvennt. Ef veturinn er snjóþungur hér á suðvesturhorninu verða alltaf einhverjir að vera á nagladekkjum hvort sem þeim líkar betur eða verr og alveg án tillits til hversu heilsársdekk eru „góð“. Einnig þeir sem komast ekki inn og út úr götunni sinni á verstu dögum, vegna þess að ekki hefur tekist að ryðja braut út á stofnveg. Þetta eru einnig þeir sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins eða fara títt úr borginni yfir vetrartímann. Hver og einn verður að meta þetta fyrir sig og taka mið af persónulegum og öðrum aðstæðum. Þegar upp er staðið og allt tekið til þá er aðeins eitt sem skiptir máli og það er öryggi. Líf og limir og að lifa af veturinn er það sem skiptir öllu máli. Það á ekki að refsa fólki fyrir að vilja lifa við öryggi og fólk sem sér að það verður að vera á nagladekkjum af ofangreindum ástæðum á ekki að mæta fordómum samfélagsins og allra síst borgarkerfisins

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, verkefnastjóri, Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri og Hjalti Jóhannes Guðmundsson, skrifstofustjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Niðurstöður náttúruvafarsúttekta sumarið 2022, kynning Mál nr. US220224

Kynning á niðurstöðum náttúruvafarsúttekta sumarið 2022

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er alveg ljóst að þessar klóar- tegundir eru varasamar og þeim þarf að halda niðri. Hindra fræmyndun með slætti og hægt er að drepa þær með illgresiseyði. Fulltrúi Flokks fólksins er ekki viss um að verktakar henti í þetta verkefni því þetta þarf að gera í smáskömmtum, en lítið í einu. Væri ekki betra að þjálfar starfsmann í umhverfisdeild til að nota viðeigandi illgresiseyða? Það er ódýrasta leiðin og best til lengdar, alveg klárlega. Vöktun fugla er einnig kynnt, niðurstaða úttektar. Það er mikilvægt að standa vörð um fuglalíf í borginni að mati fulltrúa Flokks fólksins. Fuglar eru skemmtilegir og er liður í fjölbreytileika í Reykjavík. Flokkur fólksins lagði eitt sinn fram tillögu um að katta-eigendur séu hvattir til að setja ekki eina þjöllu á kött sinn heldur tvær til að sem flestir ungar komist á legg að vori. Tillögunni var vísað frá en mun Flokkur fólksins leggja hana fram aftur. Vitað er að kettir drepa meginhluta unga í Reykjavík. Vel mætti skoða að búa til litla hólma í öllum tjörnum borgarinnar. Þangað komast kettir ekki.

Úr miðbænum fimm andartegundir reyndu að koma upp ungum í ár en árangur er takmarkaður

Aron Alexander Þorvarðarson, sérfræðingur og Þórólfur Jónsson, verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Lóðir fyrir hraðhleðslustöðvar, tillaga (USK22080132) Mál nr. US220275

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að unnið verði áfram að undirbúningi þess að útbúa og bjóða út tvær lóðir fyrir hraðhleðslustöðvar, móts við Skúlagötu 2 og móts við Grjótháls 1-3.

Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sjálfsgagt er að auka aðgengi að hraðhleðslustöðvum. Í gögnum er hvatt til þess að ívilnanir vegna rafmagnsbíla verði framlengdar. Í október sl. bókaði Flokkur fólksins mótmæli þegar skipulagsyfirvöld lögðu til að reglur um bifreiðar sem eiga rétt á visthæfum skífum verði ekki endurnýjaðar þegar þær renna út í árslok 2022. Flokkur fólksins hefði frekar talið nauðsynlegt að útvíkka þessar reglur til þess að hvetja þá sem það geta að kaupa vistvæna bíla og flýta enn frekar fyrir orkuskiptum. Með því að endurnýja ekki þessar reglur er í raun verið að refska þeim sem eiga vistvæna bíla. Meðal raka skipulagsyfirvalda er að nú sé hlutfall rafmagnsbíla mun hærra en þegar reglurnar voru settar. Flokki fólksins finnst þá enn frekar ástæða til að þessar reglur um ívilnanir séu í gildi. Nú er hins vegar lagt til að Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að fara yfir möguleika borgarinnar á að koma á nýjum ívilnunum, afsláttum eða forgangi hreinorkubifreiða til að flýta orkuskiptum. Visthæfar skífur eru enn mikilvægar sem hvati fyrir íbúa til að ferðast um á vistvænum ökutækjum. Bílastæði eru hluti af því að lifa í borg. Bílastæði eru hluti af grunnþjónustu, eins og að bjóða upp á almenningssamgöngur.

10. Breyting á hámarkshraða í tengslum við tímabundið skólahúsnæði í Ármúla, endurflutt tillaga Mál nr. US220276

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 31. október 2022, þar sem lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

1. Háaleitisbraut, frá Kringlumýrarbraut að Ármúla, hámarkshraði verði 40 km/klst, í stað 50 km/klst.
2. Háaleitisbraut, frá Miklubraut að Safamýri, hámarkshraði verði 40 km/klst, í stað 50 km/klst.
3. Háaleitisbraut, frá Safamýri að núverandi 30 km/klst svæði, hámarkshraði verði 30 km/klst í stað 50 km/klst.
4. Háaleitisbraut, frá Ármúla að núverandi 30 km/klst svæði, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
5. Lág múli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
6. Hallarmúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
7. Ármúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
8. Selmúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
9. Síðumúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
10. Vegmúli, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.
11. Fellsmúli, frá Grensásvegi að núverandi 30 km/klst svæði, hámarkshraði verði 30 km/klst, í stað 50 km/klst.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum. Í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan fengið umsögn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem gerir ekki athugasemd við breytinguna.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

(D) Ýmis mál

11. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um vinnu stýrihóps um ljósvistarstefnu, svar (USK22090140) Mál nr. US220209

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu stýrihóps um ljósvistarstefnu, sbr. 43. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. september 2022, ásamt svari skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 26. október 2022.

12. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um snjallgangbrautir við grunnskóla
Mál nr. US220274

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um snjallgangbrautir við grunnskóla. Tillagan var lögð fram á fundi borgarráðs þann 4. október 2022 og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

13. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um hönnun og skipulag Vogabyggðar (USK22110020) Mál nr. US220273

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hönnun og skipulag Vogabyggðar, sbr. 22 lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 2. nóvember 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

14. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um svar við sorphirðukostnaði (USK22100090) Mál nr. US220257

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um svar við sorphirðukostnaði, sbr. 19. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 19. október 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

15. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um flugelda
Mál nr. US220282

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að umhverfis- og skipulagsráð hvetji borgarbúa til að styrkja starf björgunarsveita án þess að kaupa flugelda. Hér er aðeins talað um hvatningu með það að markmiði að draga úr flugeldum í desember og janúar. Nota mætti auglýsingar í hvatningarherferðinni enda Reykjavíkurborg þekkt fyrir öflugar áróðursauglýsingar sínar. Mikið svifryk hefur mælst í loftinu í kringum áramót af völdum flugelda. Skotið er upp flugeldum vikum saman ef allt er tiltekið. Byrjað er löngu fyrir áramót og ekki hætt fyrr en mörgum vikum eftir áramót. Mengun frá flugeldum er vandamál. Flugeldar eru aldrei umhverfisvænir eða skaðlausir. Svifryk frá flugeldum er talið varasamt og heilsuspillandi vegna efna sem eru í því. Bent hefur verið á af ýmsum sérfræðingum að loftmengun af völdum flugelda hefur neikvæð áhrif á þá sem fyrir henni verða, sérstaklega viðkvæma hópa. Svifryk veldur ekki einungis óþægindum heldur skerðir einnig lífsgæði margra. Björgunarsveitir hafa treyst á sölu flugelda við tekjuöflun, en styrkja má þær þótt flugeldar séu ekki keyptir. Tvöfaldur gróði felst í því, styrkja starfsemi björgunarsveita sem sinna mikilvægu björgunarstarfi og á sama tíma taka ákvörðun um að menga ekki andrúmsloftið.

Frestað.

16. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöð Sorpu Mál nr. US220280

Óskað er eftir upplýsingum um kostnað vegna byggingar Gaju, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu. Óskað er eftir upplýsingum um allan kostnað, sem fallið hefur til vegna stöðvarinnar, þ.m.t. kostnað vegna galla, málaferla, viðgerðar og endurbóta, sem gerðar hafa verið á stöðinni eftir opnun hennar. Er umræddum viðgerðum og endurbótum á stöðinni lokið? Ef svo er ekki, hver er þá áætlaður kostnaður vegna þeirra?

17. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um endurnýjun á endurvinnslustöðvum Mál nr. US220278

Í fundargerðum SORPU kemur fram að endurnýjunar er sé þörf á endurvinnslustöðvum. Borgin á ekki að greiða stofnframlag, en 350 milljónir verða sóttar til Reykjavíkur vegna reksturs endurvinnslustöðva. Spurning 1 Hver mun borga endurnýjun endurvinnslustöðva? Samkvæmt fylgiskjölum er hér um stórmál að ræða og veruleg gjaldskrárhækkun væntanleg vegna þess. Spurning 2 Leit hefur staðið yfir að nýjum urðunarstað í samræmi við eigendasamkomulag frá 2013 og viðauka sem gerður var 2020 um að urðun í Álfsnesi yrði hætt 2023. Það er mat stjórnenda SORPU að framlengja þarf þurfi heimild SORPU bs. til að urða í Álfsnesi. Flokki fólksins er brugðið við orðalag í fundargerð, sagt er að "verði ekki hægt að urða í Álfsnesi má búast við að "neyðarástand skapist og SORPU verði ómögulegt að sinna skyldum sem settar eru á sveitarfélög um að tryggja leiðir til förgunar úrgangs." Er rétt að það stefni í neyðarástand? Er rétt að ekki sé gert ráð fyrir stofnfjárframlögum frá eigendum á árunum 2023-2027?

18. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um sektir vegna niðurníðslu og viðhaldsleysi á byggingum í borginni Mál nr. US220279

Niðurníðsla og viðhaldsleysi á byggingum í borginni er ólöglegt og það á að beita dagsektum í þeim tilfellum. Hvað eru þessar dagsektir háar? Hver sér um að innheimta þær og sinna eftirliti með byggingum og aðilum sem

virða ekki þær reglur sem er kveðið á um? Borgin hefur það vald að sekta. Flokkur fólksins myndi því vilja spyrja hvað mikið hefur komið inn með innheimtu á þessum sekta, ef eitthvað?

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um talningar á nagladekkjum Mál nr. US220281

Það vakti undur þegar verkfræðistofa var fengin til að sjá um talningar á nagladekkjum með tilheyrandi umsjónarkostnaði. Nú þegar fjárhagur borgarinnar er á heljarþröm, óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hverjir munu annast talningar, næst þegar á að telja. Flokkur fólksins hefur spurt um þetta atriði áður og kom í ljós að verkfræðistofa var fengin til verksins. Verkefni af þessu tagi telur Flokkur fólksins að starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs geti annast. Nóg fer af fjármagni borgarinnar til ráðgjafafyrirtækja. Fjárhæðin sem EFLA fær fyrir talningarvinnuna er víst trúnaðarmál. Það er auðvitað ekki boðlegt að upplýsingum sé haldið leyndum fyrir borgarbúum í allri umræðu meirihlutans um gagnsæi. Það þarf ekki að ráða sérfræðinga á háum töxtum til að "telja". Bent er á að einingarverð verkfræðistofunnar er tæpar 15 þúsund/klst. Hver hálf tími sem er skráður á samskipti- sennilega eitt símtal, kostar sitt, eða rúmar sjö þúsund krónur.

20. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um nagladekk Mál nr. US220283

Umræða er um nagladekk í Ráðinu og ókosti þeirra sem sjálfsagt eru ekki umdeilanlegir þegar kemur að svifryksmengun og skemmd á malbiki. Flokkur fólksins kallar eftir rannsóknum frá borgarmeirihlutunum þar sem fram kemur með skýrum og afgerandi hætti að ónegld "góð" vetrardekk séu jafnörugg og negld dekk. Nefna má að fleira veldur svifryki, t.d. flugeldar og umferðarteppur sem eru rótgróið mein víða í borginni. Flokkur fólksins er þó umhugað um öryggi, líf og limi fólks fyrst og fremst. Ef veturinn er snjópungur hér á suðvesturhorninu verða alltaf einhverjir að vera á nagladekkjum hvort sem þeim líkar betur eða verr og alveg án tillits til hversu heilsársdekk eru „góð“. Einnig þeir sem komast ekki inn og út úr götunni sinni á verstu dögum, vegna þess að ekki hefur tekist að ryðja braut út á stofnveg eða búið er að ryðja fyrir innkeyrslur. Þeir sem stundum verða að vera á nagladekkjum eru þeir sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins eða fara títt úr borginni yfir vetrartímann. Borgarmeirihlutinn vill ganga langt í að banna nagladekk og engar undanþágur séu gerðar. Í ljósi þess er mikilvægt að sjá ritrýndar rannsóknir sem sýna með afgerandi hætt að ónegld dekk séu jafnörugg og negld. Þessi mál eru dauðans alvara.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 11:24**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Hildur Björnsdóttir
Kjartan Magnússon

Friðjón R. Friðjónsson
Hjálmar Sveinsson
Pawel Bartoszek

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 1. nóvember kl. 10:12 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1186. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Músson, Jón Hafberg Björnsson og Guðrún Ósk Hrólfsdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Almennadalur 25-29 (05.865.2) 208504 Mál nr. BN061398
601299-6079 Alhliða pípulagnir sf., Akralind 5, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum, steinsteypt burðarvirki með timburpaki, skipt upp í tvær notkunareiningar, notkunareining 03-0101 eru 8 stúur ásamt hlöðu á 1. hæð og kaffistofu á 2. hæð með útgengt út á svalir til suðurs, í notkunareiningu 03-0102 eru 11 stúur og hlaða á 1. hæð og kaffistofu á 2. hæð með útgengt út á svalir til norðurs á húsi nr. 29 á lóð nr. 25-29 við Almennadal.
Stærð: 423,2 ferm., 1.354,5 rúmm.
Erindi fylgir útreikningur varmataps dags. 22. ágúst 2022.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 12. september 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 6. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 6. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
2. Austurstræti 20 (11.405.03) 100863 Mál nr. BN061449
640413-1150 Vivaldi Ísland ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa milliveggi í rými 01-0106 og innrétta sal í veitingastað í flokki II, tegund f., í húsi á lóð nr. 20 við Austurstræti.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar erindis BN060689, samþykktir þann 17. maí 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Austurv Thorvaldsenss (11.404.18) 100859 Mál nr. BN061642
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurflogvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053964 v/lokaúttektar þannig að brunamerkingum er breytt í hóteli á lóðinni Austurv Thorvaldsenss.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.
4. Bolholt 4 (12.512.02) 103440 Mál nr. BN061208
710589-2169 Húsfélagið Bolholti 4, Bolholti 4, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi á 2. og 5. hæð og skipta í þrjár eignir og skipta 4. hæð í tvær eignir í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 4 við Bolholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

5. Borgartún 6 (12.200.02) 102778 Mál nr. BN061680
620402-3110 Mýrarrauði ehf., Kópavogsbraut 20, 200 Kópavogur
Sótt er um að breyta erindi, BN058905, þannig að óskað er eftir niðurfellingu á kröfu um sambrunahættu á gleri í gluggum þar sem áður hafði verið gert ráð fyrir svölum, sem fellt var niður í nóvember 2021, en láðist að fella niður samtímis kröfuna um eldvarnargler í aðliggjandi gluggum, í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
6. Borgartún 6 (12.200.02) 102778 Mál nr. BN061657
620402-3110 Mýrarrauði ehf., Kópavogsbraut 20, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058905 þannig að leiðrétt er teikning af 3. hæð í samræmi við skráningartöflu, í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
7. Depluhólar 8 (04.641.7) 111903 Mál nr. BN061682
Brynja Þrastardóttir, Depluhólar 8, 111 Reykjavík
Sveinn Elías Elíasson, Depluhólar 8, 111 Reykjavík
Ósk Norðfjörð Þrastardóttir, Depluhólar 8, 111 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að grafið hefur verið út úr sökkulrýmum í kjallara, gerðir gluggar á þrjár hliðar og innréttuð íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 8 við Depluhóla.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2014 og úrskurður ÚUA dags. 7. október 2016.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
8. Dísarás 2-18 (01.370.402) 111286 Mál nr. BN061637
Kristján Dereksson, Dísarás 14, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka íbúð 07-0101 og breyta innra skipulagi 1.hæðar í húsi, stækka 1. hæð undir svalir 07-0202 og færa eldhús íbúðar 07-0101 húsi nr. 14 á lóð nr. 2-18 við Dísarás.
Stækkun: 3,9 ferm., 10,5 rúmm.
Erindi fylgir samþykki eigenda og meðlóðarhafa matshluta nr. 01-08 dags. 3. október 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. október 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 31. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. Fannafold 89 (28.504.06) 109942 Mál nr. BN061659
Gunnar Þór Möller, Fannafold 89, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN060137, þannig að viðbygging á milli íbúðarhúss og bílskúrs er stækkuð lítillega og þaki breytt, á lóð nr. 89 við Fannafold.
Stækkun er ferm. og minkum á rúmm: 1,2 ferm., - 25 rúmm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.

Lagfæra skráningu.

10. Faxafen 10 (14.661.01) 195609 Mál nr. BN061594
620812-0560 GILDI fasteignafélag ehf., Auðbrekku 9-11, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð og innréttaðar starfsstöðvar fyrir lítil fyrirtæki, í rými 0211 er innréttað snyrtistofa og 3. hæð er breytt í geymslur í húsi á lóð nr. 10 við Faxafen.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
11. Flókagata 4 (12.471.16) 103348 Mál nr. BN061447
670202-2590 Ljóshólar ehf., Efstaleiti 10, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. innra skipulagi kjallara breytt og komið fyrir herbergjum til daglegrar dvalar ásamt eldhúsi og votrymum í húsi á lóð nr. 4 við Flókagötu.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Hafnarstræti 1-3 (11.400.05) 100817 Mál nr. BN061676
661107-0570 Hafnarstræti 1 ehf, Vesturgötu 32, 101 Reykjavík
620393-2159 Strjúgur ehf., Rúgakur 1, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059102, þannig að hætt er við eldhús og breytt er innra skipulagi veitingarstaðarins í fl. III, tegund f, sem er samþykktur fyrir 80 gesti í rými 0105 í húsi á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 13. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. Hamraberg 12-14 (46.730.02) 112145 Mál nr. BN061590
Sæunn Njálisdóttir, Hamraberg 14, 111 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu, undirstöður, botnplata og útveggir staðsteypt og einhalla timburpak á austurhlíð húss nr. 14 á lóð nr. 12-14 við Hamraberg.
Stækkun: 18,3 ferm., 67,3 rúmm.
Erindi fylgir áritun eigenda matshluta nr. 01, Hamraberg 12, færð inn á aðaluppdrætti hönnuðar nr. 100 og 101 dags. 28. september 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
14. Haukahlíð 5 (16.296.02) 221261 Mál nr. BN061604
590214-1830 Fasteignastýring ehf., Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 05-0105, þ.e. innrétta matvöruverslun í húsi nr. 11 við Hlíðarfót á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

15. Helluvað 1-5 (47.333.01) 198741 Mál nr. BN061665
610806-0660 Helluvað 1-5, húsfélag, Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera svalalokanir á hús á lóð nr. 1-5 við Helluvað.
Erindi fylgir samþykki 17 af 24 meðeigenda frá lögboðuðum húsfélagsfundi, dags. 19. apríl 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. Hesthál 15 (43.224.01) 174591 Mál nr. BN061668
521115-1650 K7 ehf., Krókhálsi 11, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059069 v/lokaúttektar þannig að dreifiskáp er komið fyrir í brunahólfuðum hluta 0102 í húsi á lóð nr. 15 við Hesthál.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
17. Hólmgarður 27 (18.181.12) 108187 Mál nr. BN061524
Una Birna Guðjónsdóttir, Klettás 19, 210 Garðabær
Halldór Guðmundsson, Hólmgarður 27, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055765, þvottahús í sameign skipt upp, skráð í séreign og gólf þess lyft, í íbúð 0101 er geymsla fjarlægð, eldhús stækkað og bætt við svefnherbergi, á 2. hæð og í risi íbúðar 0201 er innra skipulagi og stiga breytt í húsi á lóð nr. 27 við Hólmgarð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti samþykktra aðaluppdráttar erindis BN055765.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
18. Hraunteigur 23 (13.610.17) 104566 Mál nr. BN061670
Hugi Þórðarson, Hraunteigur 23, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0301, þannig að eldhús er fært að norðurhlíð, komið fyrir nýju herbergi þar sem áður var hluti stofu og opnað að hluta upp í þak, í hús á lóð nr. 23 við Hraunteig.
Stækkun vegna opnunar upp í þakrími: XX rúm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
19. Hverfisgata 100 (01.174.1) 101581 Mál nr. BN061354
520321-1360 Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060440, niðurrif á útveggjum 2. hæðar ásamt plötu yfir 1. hæð núverandi húsa á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi dags. 11. ágúst 2022 og endurskoðun umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 10. ágúst 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 1. september 2022.
Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.

Gjald kr.12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Höfðabakki 7 (40.704.01) 110680 Mál nr. BN061681
701205-3240 HB 5-7 ehf., Höfðabakka 7, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka mæni og byggja milliloft í austurhluta, til að innrétta verslunar- og skrifstofurými til útleigu í vesturhluta og lagerhúsnæði með verslun og skrifstofu í austurhluta húss á lóð nr. 7 við Höfðabakka.
Stækkun:
Eftir stækkun, A rými: 11.768,3 ferm., 65.881,9 rúmm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
21. Krókháls 5-5G (43.234.01) 111039 Mál nr. BN059999
680604-3040 Nafir ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi sem og brunahönnun í húsi, mhl. 02, á lóð nr. 5D og 5E við Krókháls.
Húsaskoðun dags. 11. nóvember 2021, samþykki meðeigenda dags. 11. nóvember og bréf frá hönnuði dags. 4. nóvember 2021 fylgja erindi.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
22. Krókháls 7 (43.226.01) 197826 Mál nr. BN061669
521115-1650 K7 ehf., Krókhálsi 11, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059070 v/lokaúttektar þannig að dreifiskáp er komið fyrir í brunahólfuðum hluta 0102 í mhl. 01 og í mhl. 02 er hurðaropnun breytt á rými 0104 og brunakrafa hurðar felld út í húsi á lóð nr. 7 við Krókháls.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
23. Kuggavogur 2 (14.515.01) 225189 Mál nr. BN060984
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058761, fjölga matshlutum, innra skipulagi kjallara og bílakjallara breytt og fjölga bílastæðum um þrjú, jafnframt er um að ræða hliðrun á einstökum gluggum og innréttingum í húsi á lóð nr. 2 við Kuggavog.
Stærð: + 5,0 ferm., -834,5 rúmm.
Mhl. 01 - Súðarvogur 3 (hús E): 19 íbúðir, 2.175,1 ferm., 6.490,1 rúmm.
Mhl. 02 - Dugguvogur 13 (hús A): 21 íbúðir, 2.584,5 ferm., 7.661,6 rúmm.
Mhl. 03 - Dugguvogur 11 (hús B): 15 íbúðir, 1.507,7 ferm., 4.834,0 rúmm.
Mhl. 04 - Dugguvogur 9 (hús C): 22 íbúðir, 2.599,4 ferm., 7.758,1 rúmm.
Mhl. 05 - Kuggavogur 4 (hús D): 4 íbúðir, 1.654,8 ferm., 5.007,0 rúmm.
Mhl. 06 - Kuggavogur 2 (Bílakjallari): 2.457,0 ferm., 7.758,1 rúmm.
Mhl. 07 - Kuggavogur 2a (Djúpgámar): 40,0 ferm., 149,3 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga í kjallara unnið á afrit grunnmyndar samþykkt þann 23. febrúar 2021.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Lagfæra skráningu.

24. Lambhagavegur 11 (26.471.02) 211679 Mál nr. BN061672
480714-2100 Lóuping ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða staðsteypt verslunar- og skrifstofuhús með bílgeymslu fyrir 39 bíla, á lóð nr. 11 við Lambhagaveg.
Erindi fylgir varmatapsútreikningar dags. 29. maí 2018 og greinargerð brunahönnuðar dags. 24. október 2022.
Stærð: 5.748,0 ferm., 26.849,6 rúmm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
25. Langagerði 118 (01.833.108) 108588 Mál nr. BN061172
Helena Ísaksdóttir, Langagerði 118, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera garðskála við 1. hæð, færa aðalinngang til, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum, þar sem m.a. er búið að breyta innra skipulagi fyrstu hæðar og gerð hurð út í garð á vesturhlið húss á lóð nr. 118 við Langagerði.
Erindi fylgir samþykki eigenda Langagerðis 120 og 124, áritað á uppdrátt.
Stækkun, glerskáli: 17,5 ferm., 50,7 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. ágúst 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. október 2022 fylgir erindi, einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. október 2022.
Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 110, 112, 114, 116 og 120, frá 19. september til og með 17. október 2022. Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 12.600.
Frestað.
Lagfæra skráningu.
26. Langholtsvegur 55 (13.572.08) 104434 Mál nr. BN061655
Bergvin Böðvarsson, Langholtsvegur 55, 104 Reykjavík
Þórdís Emma Stefánsdóttir, Langholtsvegur 55, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa sólstofu á norðausturhlið og byggja í staðinn viðbyggingu úr timbri ásamt því að endurnýja glugga og klæðningar einbýlishúss á lóð nr. 55 við Langholtsveg.
Stækkun mhl. 01: 51,7 ferm., 336,8 rúmm.
Eftir stækkun, mhl. 01: 162,2 ferm., 528 rúmm.
Mhl. 02: 33,6 ferm., 93,6 rúmm.
Niðurrif, sólstofa: 17,8 ferm., 47 rúmm.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 18. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
27. Laugarásvegur 56 (13.851.03) 104925 Mál nr. BN061264
Jóhannes Gaukur Pétursson, Laugarásvegur 56, 104 Reykjavík
Stefanía Karlsdóttir, Laugarásvegur 56, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem hefur verið byggður kjallari undir einbýlishúsi á lóð nr. 56 við Laugarásveg.
Stækkun: 84,7 ferm., 215,8 rúmm.

Eftir stækkun: 338,9 ferm., 994,6 rúmm.
Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 19. október 2022.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 1. september 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

28. Lálund 10-16 (18.742.02) 108835 Mál nr. BN061603
Guðríður María Jóhannesdóttir, Lálund 16, 108 Reykjavík
Guðmundur Auðunn Auðunsson, Lálund 16, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja timburviðbyggingu klædda læstri málmklæðningu á austurhlíð einbýlishúss nr. 16 á lóð nr. 10-16 við Lálund.
Stækkun: 22,9 ferm., 66,4 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 296 ferm., 917,6 rúmm.
B-rými: 31,1 ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
29. Rafstöðvarvegur 1A (42.113.01) 110748 Mál nr. BN061649
441218-0520 Gengur best ehf., Dugguvogi 10, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta jógasetur fyrir 40 gesti í rými 0101 í húsi á lóð nr. 1A við Rafstöðvarveg.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
30. Selásbraut 109 (43.886.02) 111596 Mál nr. BN061683
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta tveimur skólastofum í vesturhluta, mhl. 06, í leikskólastofur og gera afgirt leiksvæði fyrir leikskólabörn við norðurhlíð Selásskóla á lóð nr. 109 við Selásbraut.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
31. Skipholt 19 (12.422.13) 103039 Mál nr. BN061651
480402-2430 Stay ehf., Suðurgötu 29, 102
Sótt er um leyfi til að innrétta þvottahús og efnalaug í rými 0001 í húsi á lóð nr. 19 við Skipholt.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
32. Skipholt 3 (12.412.07) 103025 Mál nr. BN061592
520169-6609 Gull- og silfursmiðjan Erna ehf., Skipholti 3, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkun tveggja rýma og innra skipulagi þeirra, þ.e. rýmis 01-0101 úr verslun í gistiheimili í flokki II, teg.c, minna gistiheimili án veitinga með fimm herbergi fyrir 10 gesti, rými 01-0103 úr vörugeymslu í verslun og verkstæði til reksturs á gull- og silfursmiðju í húsi á lóð nr. 3 við Skipholt.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa um breytta notkun dags. 15. september 2022.

Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

33. Skútuvogur 8 (14.206.01) 105169 Mál nr. BN061664
651174-0239 Höldur ehf., Pósthólf 10, 602 Akureyri
Sótt er um leyfi til að færa brunavegg, þannig að verkstæði, 0104, stækkar á kostnað þvottasalar, 0103, í húsi á lóð nr. 8 við Skútuvog.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
34. Snorrabraut 56 (11.932.04) 102534 Mál nr. BN061648
Jón Davíð Ásgeirsson, Keilugrandi 5, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi veitingastaðar í fl II, tegund a, fyrir 130 gesti, í vesturenda 1. hæðar hússins á lóð nr. 56 við Snorrabraut.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
35. Snorrabraut 60 (11.934.03) 102537 Mál nr. BN061677
510315-0220 Landberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fella út skráningu svala á 2. og 3. hæð í matshluta nr. 01 vegna áður samþykktra breytinga á matshluta nr. 02 í húsi á lóð nr. 60 við Snorrabraut.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar erindis BN045086.
Gjald kr.13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
36. Snorrabraut 62 (11.934.03) 102537 Mál nr. BN061678
540121-0600 Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058929, þannig að bílastæðum er fækkað, eignahaldi sameignar breytt, rýmismúmer á 1. hæð breytast, í stað þess að mhl. 01 eigi hlut í flóttaleið um stigagang er sett kvöð um aðgang að flóttaleið, sorpgeymsla 0107 verður í sameign allra og gluggaop á 1. hæð er stækkað og hurð gerð í stað glugga í húsi á lóð nr. 62 við Snorrabraut.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
37. Suðurlandsbraut 10 (12.622.01) 103517 Mál nr. BN060946
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að innrétta veitingastað í flokki II, teg a, fyrir alls 47 gesti í rými 0101 á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl.01 við Suðurlandsbraut 10 á lóð nr. 8 við Suðurlandsbraut.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
38. Sundagarðar 10 (13.354.03) 103910 Mál nr. BN061634
591103-2610 Brimgarðar ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058658 með því að byggja milliloft í rými xx í húsi á lóð nr. 10 við Sundagarða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stækkun: xx ferm.

Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

39. Sundagarðar 2 (13.353.04) 103906 Mál nr. BN060484
631213-0140 Sundaboginn slhf., Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og fjölga eignum og rýmisnúmerum um tvö í skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Sundagarða.
Erindi fylgja teikningar sem sýna skiptingu eigna og greinargerð brunahönnuðar dags. 12. janúar 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
40. Tryggvagata 19 (11.183.01) 100095 Mál nr. BN061431
470203-3070 Portið ehf., Pósthólf 12, 121 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060725 þannig að breytt er texta um brunavarnir í Kolaportinu í húsi á lóð nr. 9 við Tryggvagötu.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
41. Tunguháls 2 (43.285.01) 111063 Mál nr. BN061679
500300-2130 Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu við Ketilhús, gera hringstiga við austurgafli frá 3. hæð niður á þak 1. hæðar og til að byggja reiðhjólaskýli úr forsmíðuðum einingum suðvestan við hús á lóð nr. 2 við Tunguháls.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stækkun, mhl. 01: 415,4 ferm.
Eftir stækkun, A-rými: 4.140,2 ferm., 17.738,4 rúmm.
B-rými: 3,4 ferm.
Reiðhjólaskýli, mhl. 02: 44 ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
42. Vesturgata 64 (01.130.113) 215389 Mál nr. BN061373
530614-0420 Hróður ehf., Kjarlavorgi 7-15, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka bílajakallara, mhl. 08 og byggja þrjú steinsteypt fjölbýlishús, þriggja og fimm hæða með 58 íbúðum, einangruð og klædd að utan á lóð nr. 64 við Vesturgötu.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 12. ágúst 2022 og samantekt á brunavörnum frá Mannvit dags. 1. júlí 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 27. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 27. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2022.
Stærð, mhl. 04: 2.456,4 ferm., 6.753,1 rúmm.
Mhl. 05: 2.644,2 ferm., 7.161,7 rúmm.
Mhl. 06: 1.840,1 ferm., 6.137,1 rúmm.
Mhl. 08, stækkun bílageymslu: xx
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2022.
43. Víðinesvegur 30 (36.375.101) 125773 Mál nr. BN061640
570708-0580 Gallerí Garður ehf, Veghúsum 27a, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta gististað í flokki III, teg, d með 15 herbergjum fyrir allt að 30 gesti í mhl. 05 og mhl. 06 í húsi á lóð nr. 30 við Víðinesveg.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 17. október 2022.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

Fyrirspurnir

44. Hávallagata 9 (11.603.05) 101167 Mál nr. BN061689
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Spurt er um leyfi til að breyta núverandi bílskúr í íverurými tilheyrandi íbúð á 1. og 2. hæð húss á lóð nr. 9 við Hávallagötu.
Erindi fylgir bréf hönnuðar ásamt skissum og ljósmyndum dags. 11.07.2022.
Neikvætt.
Samræmist ekki ákvæðum byggingarreglugerðar.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl.11:55

Harri Ormarsson

Nikulás Úlfar Másson
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Jón Hafberg Björnsson
Vífill Björnsson